

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/1212****2021/EES/26/09****frá 3. september 2018**

**um lágmarkskröfur varðandi framkvæmd ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB að því er varðar auðkenningu hluthafa, sendingu upplýsinga og að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi sín (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/36/EB frá 11. júlí 2007 um nýtingu tiltekinna réttinda hluthafa í skráðum félögum (1), einkum 3. gr. a (8. mgr.), 3. gr. b (6. mgr.) og 3. gr. c (3. mgr.),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Tilskipun 2007/36/EB veitir skráðum félögum rétt til að staðfesta deili á hluthöfum sínum og krefur milliliði um samstarf í því auðkenningarferli. Markmið þessarar tilskipunar er einnig að bæta boðskipti skráðra félaga til hluthafa sína, einkum sendingu upplýsinga eftir keðju milliliða, og gerir þá kröfu að milliliðir greiði fyrir því að hluthafar geti nýtt sér réttindi sín. Þessi réttindi fela í sér réttinn til þátttöku og greiða atkvæði á hluthafafundum og fjárhagsleg réttindi, s.s. réttinn til að taka við útgreiðslu hagnaðar eða taka þátt í öðrum fyrirtækjaatburðum sem stofnað er til að frumkvæði útgefanda eða þriðja aðila.
- 2) Markmiðið með þessari reglugerð er að koma í veg fyrir ólíka framkvæmd ákvæða tilskipunar 2007/36/EB sem gæti leitt til þess að samþykktir yrðu ósamrýmanlegir innlendir staðlar sem myndi auka áhættu og kostnað við starfsemi yfir landamæri og stofna þar með skilvirkni þeirra og árangri af þeim í hættu og auka fyrirhöfn milliliða. Með því að nota sameiginleg gagnasnið og skilaboðaskipan í sendingum ættu skilvirk og áreiðanleg vinnsla og samvirkni að vera mögulegar milli milliliða, útgefanda og hluthafa hans og tryggja þannig skilvirka starfsemi fjármagnsmarkaða Sambandsins með hlutabréf.
- 3) Í samræmi við umfang valdheimilda og meðalhófsregluna tekur þessi reglugerð einungis til lágmarkskrafna. Milliliðir og aðrir markaðsaðilar eru hvattir til að setja sér sjálfir frekari reglur um þessi snið samkvæmt þörfum mismunandi markaða. Þeir gætu einnig leitast við að staðla enn frekar skilaboðin sem um getur í þessari reglugerð og aðrar tegundir skilaboða sem nauðsynleg eru til að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi sín og til að taka upp nýja tækni sem gæti aukið gagnsæi og traust.
- 4) Til að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi sín og gera slíkt skilvirkara, einkum yfir landamæri, ætti að hvetja til notkunar nútímatækni í boðskiptum milli útgefanda og hluthafa þeirra og af hálfu milliliða, þ.m.t. aðrir þjónustuveitendur sem notaðir eru í þessum ferlum. Senda ætti hvers kyns boðskipti milli milliliða, að því marki sem mögulegt er, á tölvulesanlegu og stöðluðu sniði sem eru samhæfð milli notenda og gera beina vinnslu mögulega. Milliliðir ættu engu að síður að veita hluthöfum, sem eru ekki milliliðir, aðgang að upplýsingum og leiðum til að bregðast við með því að nota fyrirkomulag sem er almennt aðgengilegt sem gerir beina vinnslu af hálfu milliliða mögulega.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 223, 4.9.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 236/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 184, 14.7.2007, bls. 17.

- 5) Setja ætti fram lágmarkskröfur, að því er varðar beiðni um að birta upplýsingar um hluthafa og svarið sem ber að senda, til að tryggja að rétti útgefanda til að fá vitneskju um hluthafa sína sé beitt með samræmdum, sjálfvirkum og snuðulausum hætti.
- 6) Með fyrirvara um boðun hluthafafundar og til að tryggja beina vinnslu er nauðsynlegt að mæla fyrir um lágmarkskröfur varðandi tegundir og snið upplýsinga á staðlaða fundarboðinu sem verður sent, ef nauðsyn krefur, eftir keðju milliliða til hluthafa. Markmiðið er einnig að greiða fyrir afgreiðslu rafræna fyrirmæla um atkvæðagreiðslur frá hluthöfum til útgefanda.
- 7) Þessi reglugerð tekur til ólíkra eignarlíkana fyrir hlutabréf í aðildarríkjunum án þess að styðja nokkurt þeirra sérstaklega.
- 8) Lög í því landi þar sem skráð skrifstofa útgefanda er munu ákvarða hvaða skuldbindingar milliliðir þurfa raunverulega að uppfylla til að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi sín. Á meðal þeirra verður, ef nauðsyn krefur, skuldbinding um að staðfesta rétt hluthafa til að taka þátt í hluthafafundi og skuldbinding um að senda útgefanda tilkynningu um þátttöku. Í því skyni er nauðsynlegt að mæla fyrir um lágmarksupplýsingar sem eiga að koma fram í slíkri þátttökutilkynningu.
- 9) Enn er fyrir hendi þörf á að staðla staðfestingu á rétti til þátttöku í hluthafafundi vegna þess að útgefandinn hefur e.t.v. ekki undir höndum eða hefur ekki fengið sendar réttar upplýsingar um tilkallsstöður (e. entitled positions), einkum vegna boðskipta yfir landamæri. Staðfestingum á rétti er komið á framfæri með mismunandi hætti, s.s. með rafrænum hætti í gegnum keðju milliliða eða beint frá síðasta millilið til útgefanda eða frá síðasta millilið á pappírformi eða með rafrænu sniði til hluthafa eða viðskiptavinar, eftir því hvaða vörslulíkan fyrir verðbréf er notað á viðkomandi markaði. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um lágmarksupplýsingar sem eiga að koma fram í staðfestingum eða við móttöku atkvæða og skráningu og talningu atkvæða.
- 10) Skjót vinnsla sendinga innan keðju milliliða, einkum þegar um er að ræða vörsluaðila eða aðra rekstraraðila í mörgum lögum, og í þeim tilvikum þar sem sameiginlegir viðskiptareikningar eru notaðir, er nauðsynleg til að tryggja að upplýsingar berist hluthöfum yfir landamæri og að þeir geti brugðist við innan hæfilegs tímaramma og innan þeirra tímamarka sem útgefendur og milliliðir setja vegna fyrirtækjaatburða. Til að vernda og jafna sanngjarna hagsmuni hluthafa til jafns við hagsmuni útgefanda og milliliða er mikilvægt að skilgreina þau tímamörk sem ber að virða við sendingu upplýsinga um fyrirtækjaatburði og aðgerðir hluthafa.
- 11) Þar sem valfrjálsum markaðsstöðlum fyrir aðgerðaferli fyrirtækja, sem samanstanda af fyrirtækjaatburðum sem eru fjárhagslegs eðlis, s.s. úthlutunum og endurskipulagningu fyrirtækja sem hafa áhrif á undirliggjandi hlut, er að mestu leyti beitt er í þessari reglugerð einungis mælt fyrir um lykiltríði og meginreglur sem virða skal í þessum ferlum.
- 12) Afar þýðingarmikið er að lögð séu fram áreiðanleg gögn og að trúnaðargögn séu send með öruggum hætti. Milliliðir, útgefendur og þjónustuveitendur útgefanda ættu að búa yfir viðeigandi ferlum til að tryggja m.a. heilindi og öryggi þessara ferla sem samanstanda af persónuupplýsingum sem notaðar eru í þeim tilgangi sem skilgreindur er í tilskipun 2007/36/EB.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „útgefandi“: félag sem hefur skráða skrifstofu í aðildarríki og eru hlutabréf þess tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði sem er staðsettur eða starfræktur í aðildarríki eða hjá þriðji aðila sem slíkt félag tilnefnir til að sinna þeim verkefnum sem sett eru fram í þessari reglugerð,
- 2) „verðbréfamiðstöð útgefanda“: verðbréfamiðstöð sem veitir þá kjarnaþjónustu sem skilgreind er í 1. eða 2. lið A-þáttar viðaukans við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 <sup>(1)</sup> að því er varðar hlutabréf sem viðskipti eru með á skipulegum markaði,

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls 1).

- 3) „fyrirtækjaatburður“: aðgerð, sem útgefandi eða þriðji aðili á frumkvæði að og tekur til þeirra réttinda sem fylgja hlutabréfum og gætu haft eða ekki haft áhrif á undirliggjandi hlut, s.s. útgreiðsla hagnaðar eða hluthafafundur,
- 4) „milliliður“: aðili eins og hann er skilgreindur í d-lið 2. gr. tilskipunar 2007/36/EB og milliliður þriðja lands í skilningi 3. gr. e í tilskipun 2007/36/EB,
- 5) „aðgerð hluthafa“: svar, fyrirmæli eða önnur viðbrögð hluthafa eða þriðja aðila sem hluthafinn tilnefnir, eftir því sem við á samkvæmt gildandi lögum, sem hefur þann tilgang að nýta þau réttindi hluthafa, sem fylgja hlutabréfum, við fyrirtækjaatburð,
- 6) „síðasti milliliður“: milliliður sem lætur hluthafa í té verðbréfareikninga í keðju milliliða,
- 7) „viðmiðunardagur“: sá dagur sem útgefandi mælir fyrir um til að ákvarða þau réttindi sem fylgja hlutabréfum, þ.m.t. réttinn til þátttöku í hluthafafundi og greiðslu atkvæðis á hluthafafundi, sem og deili á hluthöfum, á grundvelli uppgjörsstöðu í bókhaldi verðbréfamiðstöðvar útgefanda eða annars fyrsta milliliðar samkvæmt rafrænni verðbréfaskráningu við lok viðskipta,
- 8) „tilkallsstaða“: staða hlutafjäreignar frá og með „viðmiðunardegi“ sem þau réttindi tengjast sem fylgja hlutabréfum, þ.m.t. rétturinn til að taka þátt í hluthafafundi og til að greiða atkvæði á honum,
- 9) „fyrsti milliliður“: „verðbréfamiðstöð útgefanda“, eða annar milliliður sem útgefandinn tilnefnir, sem heldur hlutabréfaskrá útgefanda með rafrænni verðbréfaskráningu á efsta stigi að því er varðar hlutabréf sem viðskipti eru með á skipulegum markaði eða hefur þessi hlutabréf undir höndum á efsta stigi fyrir hönd hlutabréfeigenda eða útgefanda. Fyrsti milliliður getur einnig verið í hlutverki síðasta milliliðar,
- 10) „greiðsludagur“: sá dagur þegar greiða á hluthafa ávinning af fyrirtækjaatburði, ef við á,
- 11) „ákvörðunarfrestur“: sá frestur sem hluthafi hefur til að velja milli fyrirbyggjandi valkosta í fyrirtækjaatburði,
- 12) „síðasti þátttökudagur“: síðasti dagur kaupa eða framsals á hlutabréfum með þeim réttindum sem þeim fylgja um þátttöku í fyrirtækjaatburði, að undanskildum réttinum til að taka þátt í hluthafafundi,
- 13) „tímamörk kaupandaverndar“: síðasti mögulegi dagur og tími sem kaupandi, sem hefur ekki þegar fengið undirliggjandi hlut í fyrirtækjaatburði, sem felur í sér valkosti fyrir hluthafann, hefur til að gefa seljanda fyrirmæli varðandi val milli valkosta,
- 14) „tímamörk útgefanda“: síðasti mögulegi dagur og tími, samkvæmt ákvörðun útgefanda, til að tilkynna útgefanda, þriðja aðila sem útgefandinn tilnefnir eða verðbréfamiðstöð útgefanda um aðgerðir hluthafa varðandi fyrirtækjaatburðinn; ef um er að ræða fyrirtækjaatburð sem þriðji aðili hefur átt frumkvæði að skal hann eiga við um frest til að tilkynna þriðja aðila, eða þriðja aðila sem slíkur þriðji aðili tilnefnir, um aðgerðir hluthafa er varða fyrirtækjaatburð sem hann átti frumkvæði að,
- 15) „arðleysisdagur“: sá dagur sem markar upphaf viðskipta með hlutabréf án þess að með fari réttindi sem fylgja hlutabréfunum, þ.m.t. rétturinn til að taka þátt í hluthafafundi og greiða atkvæði á honum,
- 16) „ISIN-númer“: alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa sem er úthlutað fyrir verðbréf sem skilgreind eru í staðli ISO 6166 eða með sambærilegri aðferðafræði,
- 17) „LEI-auðkenni“: auðkenni lögaðila ISO 17442 sem um getur í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012 <sup>(1)</sup>.

2. gr.

### Stöðluð framsetning, samvirkni og tungumál

1. Upplýsingarnar, sem um getur í 3.–8. gr. þessarar reglugerðar, skulu sendar með milliliðunum í samræmi við stöðluðu sniðin sem sett eru fram í viðaukanum og innihalda lágmarksupplýsingar og vera í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í viðaukanum.
2. Upplýsingarnar, sem útgefendurnir munu veita milliliðunum og senda skal eftir keðju milliliða til hluthafa, skulu vera á sniði sem gerir úrvinnslu í samræmi við 3. mgr. mögulega.

<sup>(1)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1247/2012 frá 19. desember 2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar framsetningu og tíðni skýrslna um viðskipti til afleiðuviðskiptaskráa samkvæmt reglugerð þingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrá (Stjttíð. ESB. L 352, 21.12.2012, bls. 20).

Útgefandinn skal veita upplýsingarnar á sama tungumáli og hann notar við birtingu fjárhagsupplýsinga sinna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB <sup>(1)</sup> og, nema slíkt sé ekki réttlæt看legt að teknu tilliti til helstu hluthafa útgefandans, einnig á tungumáli sem er venjulega notað innan alþjóðafjármálageirans.

3. Sendingar milli milliliða skulu vera með rafrænu og tölvulesanlegu sniði sem gerir samvirkni og beina vinnslu mögulega og nýta alþjóðlega viðurkennda staðla atvinnulífsins eins og ISO-staðla eða aðferðafræði sem samrýmist ISO-stöðlunum.

4. Milliliðirnir skulu heimila aðgang hluthafa, sem ekki eru milliliðir, að upplýsingum og hvers konar fyrirkomulagi varðandi aðgerðir hluthafa með tólum og búnaði sem eru almennt aðgengileg nema hluthafinn hafi samþykkt annað. Milliliðirnir skulu tryggja að með slíkum tólum og búnaði geti milliliðurinn unnið úr aðgerðum hluthafa í samræmi við 3. mgr.

3. gr.

### Beiðni um birtingu upplýsinga varðandi deili á hluthafa og svar

1. Lágmarkskröfur varðandi snið á beiðni um birtingu upplýsinga að því er varðar deili á hluthafa í samræmi við 1. mgr. 3. gr. a í tilskipun 2007/36/EB skal vera eins og fram kemur í 1. töflu viðaukans.

2. Lágmarkskröfur varðandi snið á svari milliliða við beiðni skv. 1. mgr. þessarar greinar skal vera eins og fram kemur í 2. töflu viðaukans.

3. Lágmarkskröfur sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu einnig gilda, að því marki sem þörf er á, um uppfærslur og afturkallanir slíkra beiðna eða svara.

4. gr.

### Sending fundarboðs

1. Lágmarkskröfur varðandi tegundir og snið upplýsinga sem senda á í samræmi við 1., 2., 3. og 5. mgr. 3. gr. b í tilskipun 2007/36/EB að því er varðar boðun hluthafafunda skulu vera eins og fram kemur í 3. töflu viðaukans.

2. Kröfurnar sem um getur í fyrstu málsgrein skulu einnig gilda, að því marki sem þörf er á, um uppfærslur og afturkallanir slíkra fundarboða.

5. gr.

### Staðfesting á rétti til að nýta réttindi hluthafa á hluthafafundi

1. Í þeim tilgangi að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi sín á hluthafafundum, þ.m.t. réttinn til þátttöku og til að greiða atkvæði, eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2007/36/EB, skal síðasti milliliðurinn staðfesta, að fenginni beiðni, við hluthafa eða þriðja aðila sem hluthafinn tilnefnir, þá tilkallsstöðu sem er skráð hjá honum. Þegar um er að ræða fleiri en einn millilið í keðju milliliða skal síðasti milliliðurinn sjá til þess að tilkallsstöður í skrá hans samrýmist skrá fyrsta milliliðarins.

Ekki skal krefjast slíkrar staðfestingar frá síðasta millilið til hluthafa ef útgefandi eða fyrsti milliliður, eftir því sem við á, þekkir tilkallsstöðuna eða fær hana senda.

2. Lágmarksupplýsingar og gagnastök, sem skulu vera í staðfestingu á réttindum, eftir því sem við á fyrir hverja tegund sendingar, skulu vera eins og fram kemur í 4. töflu viðaukans.

3. Lágmarksupplýsingar og gagnastök sem um getur í annarri undirgrein skulu einnig gilda, að því marki sem þörf er á, um uppfærslur og afturkallanir staðfestinga á réttindum.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samþæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).

*6. gr.***Tilkynning hluthafa um þátttöku í hluthafafundi**

1. Í þeim tilgangi að auðvelda hluthöfum að nýta sér réttindi sín á hluthafafundum, þ.m.t. réttinn til þátttöku og til að greiða atkvæði, eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2007/36/EB, skulu milliliðir, ef útgefandinn krefst þess og að beiðni hluthafans, senda útgefandanum þátttökutilkynninguna, annaðhvort til að gera hluthafanum sjálfum kleift að nýta sér réttindi sín eða til að gera hluthafanum kleift að tilnefna þriðja aðila til að nýta þessi réttindi með sérstakri heimild og fyrirmælum frá hluthafanum og í þágu hluthafans.
2. Ef vísað er í þátttökutilkynningunni til atkvæðanna skal síðasti milliliðurinn tryggja að upplýsingar varðandi fjölda hluta sem greiða atkvæði séu í samræmi við tilkallsstöðuna. Ef tilkynningin er send milli milliliðanna fyrir viðmiðunardaginn skal síðasti milliliðurinn uppfæra tilkynninguna, ef nauðsyn krefur, svo upplýsingarnar séu samræmdar.
3. Lágmarksupplýsingar og gagnastök, sem skulu vera í tilkynningu hluthafa um þátttöku í hluthafafundi, skulu vera eins og fram kemur í 5. töflu viðaukans.

Lágmarksupplýsingar og gagnastök sem um getur í fyrstu undirgrein skulu einnig eiga við, að því marki sem þörf er á, um skilaboð sem varða uppfærslur og afturkallanir þátttökutilkynninga.

*7. gr.***Snið staðfestingar á viðtöku og skráningu og talning atkvæða**

1. Lágmarksupplýsingar og gagnastök, sem eru í staðfestingu á viðtöku atkvæða sem greidd eru rafrænt eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein 2. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2007/36/EB, skulu vera eins og fram kemur í 6. töflu viðaukans.
2. Lágmarksupplýsingar og gagnastök, sem eru í staðfestingu á skráningu og talningu atkvæða af hálfu útgefanda til hluthafa eða þriðja aðila, sem hluthafinn tilnefnir, eins og kveðið er á um í annarri undirgrein 2. mgr. 3. gr. c í tilskipun 2007/36/EB, skulu vera eins og fram kemur í 7. töflu viðaukans.

*8. gr.***Sending upplýsinga sem varða aðeins fyrirtækjaatburði aðra en hluthafafundi**

1. Upplýsingarnar sem útgefandinn á að veita fyrsta millilið eða öðrum milliliðum og tilkynningarnar sem senda skal eftir keðju milliliða skulu samanstanda af öllum lykilupplýsingum varðandi fyrirtækjaatburði, aðra en hluthafafundi, sem nauðsynlegar eru fyrir milliliðinn til að hann geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt tilskipun 2007/36/EB gagnvart hluthafanum eða hluthafinn geti nýtt sér réttindi sín.
2. Eftirfarandi lágmarkskröfur varðandi röð sendinga, dagsetningar og tímamörk í tengslum við fyrirtækjaatburði skulu gilda:
  - a) útgefandinn skal tilkynna fyrsta milliliðnum og, að því marki sem þörf er á, öðrum milliliðum um upplýsingar um fyrirtækjaatburðinn með nægum fyrirvara svo að markaðsaðilarnir geti brugðist við og sent upplýsingarnar og heimilað viðeigandi afgreiðslu viðskipta eða markaðskrafna, sem bíða afgreiðslu, innan viðkomandi tímamarka eða fyrir upphaf ákvörðunarfrests, eftir því sem við á,
  - b) greiðsludagur skal vera eins nálægt viðmiðunardegi og hægt er, tímamörkum útgefanda eða tímamörkum þriðja aðila, sem á frumkvæði að fyrirtækjaatburðinum, eftir því sem við á, svo unnt sé að ganga frá greiðslum til hluthafa eins fljótt og auðið er,
  - c) í fyrirtækjaatburði sem felur í sér ákvörðunarfrest fyrir hluthafann ætti ákvörðunarfresturinn að vera nægilega langur til að hluthöfum og milliliðum gefist hæfilegur tími til að bregðast við,
  - d) í fyrirtækjaatburði sem felur í sér valkosti fyrir hluthafann ættu síðasti þátttökudagur og tímamörk kaupandaverndar að koma á undan, í þessari röð, tímamörkum útgefanda svo að unnt sé að afgreiða kröfur kaupanda með viðeigandi hætti áður en ákvörðunarfresti lýkur,
  - e) í skilyrtum fyrirtækjaatburði skal útgefandi tilkynna fyrsta millilið um upplýsingar varðandi niðurstöður fyrirtækjaatburðarins eins fljótt og auðið er eftir tímamörk útgefanda og áður en gengið er frá greiðslu innan fyrirtækjaatburðar.

3. Eftir greiðsludag fyrirtækjaatburðarins skal fyrsti milliliður eða, þegar milliliðir eru fleiri en einn í keðju milliliða, allir milliliðir síðan senda upplýsingarnar um þær aðgerðir sem milliliðurinn hefur gripið til eða þau viðskipti sem hann hefur gengið frá fyrir hönd hluthafans. Upplýsingarnar sem milliliðurinn á að senda skulu innihalda a.m.k. þær niðurstöður sem byggja á aðgerð hluthafans á fyrirtækjaatburði með valkostum, tilkallsstöðum eða uppgjörstöðum, ágóða sem fengist hefur, sem og niðurstöður er varða hvers kyns markaðskröfur, að því marki sem slíkt skiptir hluthafann máli.

4. Lágmarksupplýsingar og gagnastök sem láta skal í té og senda, að því marki sem það skiptir máli fyrir fyrirtækjaaðgerðina, skv. 1., 2., 3. og 5. mgr. 3. gr. b í tilskipun 2007/36/EB með tilliti til annarra fyrirtækjaatburða en hluthafafunda, skulu vera eins og fram kemur í 8. töflu viðaukans.

Kröfurnar sem settar eru fram í fyrstu undirgrein skulu einnig eiga við, að því marki sem þörf er á, afturkallanir eða uppfærslur slíkra tilkynninga.

#### 9. gr.

#### **Tímamörk sem útgefendum og milliliðum ber að virða við fyrirtækjaatburði og við auðkenningu hluthafa**

1. Útgefandinn sem hefur frumkvæði að fyrirtækjaatburðinum skal veita milliliðunum upplýsingar um fyrirtækjaatburðinn tímanlega og eigi síðar en á sama viðskiptadegi og hann tilkynnir um fyrirtækjaatburðinn samkvæmt gildandi lögum.

2. Þegar milliliðurinn vinnur úr upplýsingum um fyrirtækjaatburði og sendir þær skal hann tryggja, ef nauðsyn krefur, að hluthafar hafi nægan tíma til að bregðast við fengnum upplýsingum svo að þeir geti virt tímamörk útgefanda eða viðmiðunardag.

Fyrsti milliliðurinn og aðrir milliliðir sem taka við upplýsingum sem varða fyrirtækjaatburðinn skulu senda slíkar upplýsingar til næsta milliliðar í keðjunni án tafar og eigi síðar en í lok sama viðskiptadags og hann tók við upplýsingunum. Ef upplýsingarnar berast milliliðnum eftir klukkan 16.00 á viðskiptadeginum skal hann senda þær án tafar og eigi síðar en klukkan 10.00 næsta viðskiptadag.

Ef staðan í viðkomandi hlut breytist eftir fyrstu sendingu skal fyrsti milliliðurinn og aðrir milliliðir í keðjunni enn fremur senda upplýsingarnar til nýju hluthafanna í bókhalda sínu, samkvæmt stöðu við lok dags hvers viðskiptadags fram að viðmiðunardegi.

3. Síðasti milliliðurinn skal senda hluthafanum upplýsingarnar varðandi fyrirtækjaatburðinn án tafar og eigi síðar en í lok þess sama viðskiptadags og hann tók við upplýsingunum. Ef upplýsingarnar berast milliliðnum eftir klukkan 16.00 á viðskiptadeginum skal hann senda þær án tafar og eigi síðar en klukkan 10.00 næsta viðskiptadag. Að auki skal hann staðfesta rétt hluthafans til þátttöku í fyrirtækjaatburðinum, án ástæðulausrar tafar og þannig að hann virði tímamörk útgefanda eða viðmiðunardag, eftir því sem við á.

4. Sérhver milliliður skal senda útgefandanum allar upplýsingar varðandi aðgerðir hluthafa án tafar eftir að hann fær upplýsingarnar, samkvæmt ferli sem gerir þeim mögulegt að virða tímamörk útgefanda eða viðmiðunardag.

Milliliðurinn skal senda hvers kyns viðbótarkröfur varðandi aðgerðir hluthafa, sem útgefandinn gerir til hluthafans samkvæmt gildandi lögum, sem ekki er hægt að setja í tölvulesanlega eða beina vinnslu, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 2. gr., án tafar og tímanlega til að hlíta tímamörkum útgefandans eða viðmiðunardegi.

Síðasti milliliðurinn skal ekki setja tímamörk sem krefjast aðgerða hluthafa fyrr en þremur viðskiptadögum fyrir tímamörk útgefanda eða viðmiðunardag. Síðasti milliliðurinn getur varað hluthafann við þeirri áhættu sem fylgir breytingum á stöðu eignarhlutar nærri viðmiðunardegi.

5. Staðfestingu á viðtöku atkvæða sem greidd eru rafrænt, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr., ætti að láta í té þeim aðila sem greiddi atkvæði strax að lokinni atkvæðagreiðslu.

Útgefandinn skal annast staðfestingu á skráningu og talningu atkvæða, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr., tímanlega og eigi síðar en 15 dögum eftir að beiðnin er lögð fram eða eftir hluthafafundinn, hvort sem á sér stað síðar, nema að upplýsingarnar liggi þá þegar fyrir.

6. Milliliðir skulu senda beiðni útgefanda eða þriðja aðila sem útgefandi tilnefnir um birtingu upplýsinga varðandi deili á hluthafa, í samræmi við umfang beiðninnar, til næsta milliliðar í keðjunni án tafar og eigi síðar en í lok sama viðskiptadags og beiðnin barst. Ef milliliðnum berst beiðnin eftir klukkan 16.00 á viðskiptadeginum skal hann senda upplýsingarnar, án tafar og eigi síðar en klukkan 10.00 næsta viðskiptadag.

Sérhver milliliður skal svara beiðni um að birta og senda upplýsingar varðandi deili á hluthafa og senda þeim viðtakanda sem tilgreindur er í beiðninni án tafar og eigi síðar en á þeim viðskiptadegi sem fylgir næst á eftir viðmiðunardegi eða þeim degi þegar milliliðurinn sem svarar beiðninni tekur við henni, hvort sem á sér stað síðar.

Tímamörkin sem um getur í annarri undirgrein skulu ekki eiga við um svör við beiðnum eða þeim hlutum beiðna, eftir því sem við á, sem ekki er hægt að setja í tölvulesanlega eða beina vinnslu, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 2. gr. Þau skulu ekki heldur eiga við um svör við beiðnum sem milliliðurinn tekur við meira en sjö viðskiptadögum eftir viðmiðunardaginn. Í slíkum tilvikum skal milliliðurinn láta svarið í té og senda það án tafar og í öllum tilvikum eigi síðar en innan tímamarka útgefandans.

7. Tímamörkin sem um getur í 1.–6. mgr. skulu gilda, að því marki sem þörf er á, um afturkallanir eða uppfærslur á viðkomandi upplýsingum.

8. Milliliðurinn skal tímastimpla allar sendingar sem um getur í þessari grein.

*10. gr.*

#### **Lágmarksöryggiskröfur**

1. Við sendingu upplýsinga til milliliða, hluthafa eða þriðju aðila, sem hluthafar tilnefna skv. 3. gr. a, 3. gr. b og 3. gr. c tilskipunar 2007/36/EB, skulu útgefandinn og milliliðurinn gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir sem miða að því að tryggja öryggi, heilindi og sannvottun upplýsinganna sem eiga upptök sín hjá útgefandanum eða þriðja aðila sem á frumkvæði að fyrirtækjaatburðinum. Milliliðir skulu einnig gera slíkar ráðstafanir að því er varðar sendingu upplýsinga til útgefanda eða þriðja aðila sem útgefandinn tilnefnir.

2. Milliliðurinn, sem fær frá útgefandanum eða þriðja aðila sem útgefandinn tilnefnir beiðni um birtingu upplýsinga varðandi deili á hluthafa eða önnur boðskipti sem um getur í þessari reglugerð sem senda skal eftir keðju milliliða eða til hluthafa, skal staðfesta að beiðnin eða upplýsingarnar sem sendar eru komi upprunalega frá útgefandanum.

*11. gr.*

#### **Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. september 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. september 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

## Tafla 1

## Beiðni um birtingu upplýsinga varðandi deili á hluthafa

Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna
<b>A. Nánari upplýsingar um beiðnina (senda skal sérstaka beiðni fyrir hvert ISIN-númer)</b>			
1. Einkvæmt auðkenni beiðninnar	Einkvæmt númer fyrir hverja beiðni um birtingu upplýsinga	[24 alstafir]	Útgefandi eða þriðji aðili sem hann tilnefnir
2. Tegund beiðni	Tegund beiðni ( <i>beiðni um birtingu upplýsinga varðandi deili á hluthafa</i> )	[4 alstafir]	Útgefandi eða þriðji aðili sem hann tilnefnir
3. Umfang beiðni	Nánari upplýsingar um hvort framsenda eigi beiðnina til annarra milliliða aftar í keðju milliliða og hvort þeir skuli svara henni. Ef ekki, skal skilja reitinn eftir auðan.	[Valkvæður reitur. Ef við á, skal fylla út: JÁ]	Útgefandi eða þriðji aðili sem hann tilnefnir
4. ISIN-númer	Skilgreining	[12 alstafir]	Útgefandi
5. Viðmiðunardagur	Skilgreining	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD)]	Útgefandi
6. Tímamörk útgefanda	Skilgreining. Ákvarða skal tímamörk útgefanda í samræmi við 9. gr. þessarar reglugerðar.	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD); samræmdur heimstími (UTC)]	Útgefandi
7. Viðmiðunarmörk sem takmarka beiðnina	Ef við á. Viðmiðunarmörk skulu gefin upp sem algildur fjöldi hlutabréfa.	[Valkvæður reitur. Ef við á, skal fylla út: 15 tölustafir]	Útgefandi
8. Frá hvaða degi hlutabréfin komust í eigu viðkomandi	Ef við á. Ef útgefandinn ákveður að láta upplýsingar um það frá hvaða degi hlutabréfin komust í eigu hluthafans fylgja beiðninni skal hann tilgreina í henni hvernig ákveða á þessa dagsetningu.  Slík beiðni kann að hafa áhrif á beina vinnslu beiðninnar.	[Valkvæður reitur. Ef við á, skal fylla út: JÁ]	Útgefandi
<b>B. Nánari upplýsingar varðandi viðtakandann sem senda verður svarið til</b>			
1. Einkvæmt auðkenni viðtakanda svarsins	Einkvæmt innlent skráningarnúmer á eftir landskóða sem vísar til þess lands þar sem skrifstofa hans er eða LEI-auðkennis útgefanda eða þriðja aðila sem útgefandinn tilnefnir, verðbréfamiðstöðvar útgefanda, annars milliliðar eða þjónustuveitanda, eftir því sem við á, sem milliliðurinn skal senda svarið til.	[20 alstafir. Landskóðinn skal vera í formi tveggja stafa kóða samkvæmt skilgreiningu ISO 3166—1 alpha-2 eða sambærilegrar aðferðafræði]	Útgefandi
2. Nafn viðtakanda svarsins		[140 alstafir.]	Útgefandi
3. Staðfang viðtakanda svarsins	Auðkenniskóði banka, varið eða vottað tölvupóstfang, veffang fyrir öruggar vefgáttir eða aðrar upplýsingar um staðföng sem tryggja viðtöku og öryggi sendingarinnar	[alstafareitur]	Útgefandi



Tafla 2

## Svar við beiðni um birtingu upplýsinga varðandi deili á hluthafa

Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna
<b>A. Nánari upplýsingar um upprunalega beiðni útgefanda</b>			
1. Einkvæmt auðkenni beiðni	Sjá reit A.1 í töflu 1	[24 alstafir]	Útgefandi eða þriðji aðili sem hann tilnefnir
2. Einkvæmt auðkenni svars	Einkvæmt númer sem auðkennir hvert svar.	[24 alstafir]	Milliliður sem svarar beiðni
3. Tegund beiðni	Sjá reit A.2 í töflu 1	[4 alstafir]	Útgefandi eða þriðji aðili sem hann tilnefnir
4. ISIN-númer	Sjá reit A.4 í töflu 1	[12 alstafir]	Útgefandi
5. Viðmiðunardagur	Sjá reit A.5 í töflu 1	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD)]	Útgefandi
<b>B. Upplýsingar varðandi hlutafjäreign frá millilið sem svarar beiðninni</b>			
1. Einkvæmt auðkenni milliliðar sem svarar beiðninni	Einkvæmt innlent skráningarnúmer á eftir landskóða sem vísar til þess lands þar sem skrifstofa hans er eða LEI-auðkennis lögaðila	[20 alstafir. Landskóðinn skal vera á því formi sem ákveðið er í reit B.1 í töflu 1]	Milliliður sem svarar beiðninni
2. Nafn milliliðar sem svarar beiðninni		[140 alstafir]	Milliliður sem svarar beiðninni
3. Heildarfjöldi hlutabréfa sem milliliðurinn, sem svarar beiðninni, hefur í vörslu sinni	Heildarfjöldinn jafngildir samanlögðum fjölda sem tilgreindur er í reitum B.4 og B.5	[15 tölustafir með tugabrotsskiltákni, ef við á]	Milliliður sem svarar beiðninni
4. Fjöldi hlutabréfa sem milliliðurinn, sem svarar beiðninni, hefur í vörslu sinni fyrir eigin reikning		[15 tölustafir með tugabrotsskiltákni, ef við á]	Milliliður sem svarar beiðninni
5. Fjöldi hlutabréfa sem milliliðurinn, sem svarar beiðninni, hefur í vörslu sinni fyrir hönd annarra		[15 tölustafir með tugabrotsskiltákni, ef við á]	Milliliður sem svarar beiðninni
6. Einkvæmt auðkenni rekstraraðila verðbréfareiknings	LEI-auðkenni rekstraraðila verðbréfareiknings, þ.e. sá milliliður ofar í keðjunni sem milliliðurinn, sem svarar beiðninni, hefur verðbréfareikning hjá	[20 alstafir]	Milliliður sem svarar beiðninni
7. Númer verðbréfareikningsins	Númer verðbréfareiknings milliliðarins, sem svarar beiðninni, hjá milliliðnum ofar í keðjunni	[20 alstafir]	Milliliður sem svarar beiðninni

Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna
<b>C. Upplýsingar sem milliliðurinn sem svarar beiðninni hefur undir höndum varðandi deili á hluthafa (endurtekinn bálkur sem fylla skal út sérstaklega fyrir hvern hluthafa sem sá milliliður sem svarar beiðninni hefur vitneskju um, þ.m.t., ef við á, vegna stöðu á eigin reikningi þess milliliðar sem svarar beiðninni)</b>			
1a. Einkvæmt auðkenni hluthafa ef um er að ræða lögaðila	1) Einkvæmt innlent skráningarnúmer á eftir landskóða fyrir skráningarland eða LEI-auðkenni lögaðila eða	[20 alstafir]	Milliliður sem svarar beiðninni
	2) ef hvorki LEI-auðkenni lögaðila né skráningarnúmer er tiltækt, auðkenniskóði banka (BIC) á eftir landskóða fyrir skráningarland eða	[11 alstafir]	
	3) kóði viðskiptavinar, sem tilgreinir lögaðila eða skipulag með einkvæmum hætti, í hvaða lögsögu sem er, á eftir landskóða fyrir skráningarlandið	[50 alstafir. Landskóðinn skal vera með því sniði sem kveðið er á um í reit B.1 í töflu 1	
1b. Einkvæmt auðkenni hluthafa ef um er að ræða einstakling	Landsbundna auðkennið í skilningi 6. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 (*)	[35 alstafir]	Milliliður sem svarar beiðninni
2a. Nafn hluthafa ef um er að ræða lögaðila		[140 alstafir]	Milliliður sem svarar beiðninni
2b. Nafn hluthafa ef um er að ræða einstakling	1) Eiginnafn eða -nöfn hluthafans. Ef um er að ræða fleiri en eitt eiginnafn skal aðgreina öll nöfnin með kommu	[140 alstafir]	Milliliður sem svarar beiðninni
	2) Kenninafn eða -nöfn hluthafans. Ef um er að ræða fleiri en eitt kenninafn skal aðgreina öll nöfnin með kommum	[140 alstafir]	
3. Heimilisfang		[140 alstafir]	Milliliður sem svarar beiðninni
4. Póstnúmer		[10 alstafir]	Milliliður sem svarar beiðninni
5. Borg		[35 alstafir]	Milliliður sem svarar beiðninni
6. Land	Landskóði	[Tveggja stafa landskóði með því sniði sem kveðið er á um í reit B.1 í töflu 1]	Milliliður sem svarar beiðninni
7. Póstnúmer pósthólfs		[10 alstafir]	Milliliður sem svarar beiðninni
8. Númer pósthólfs		[10 alstafir]	Milliliður sem svarar beiðninni

Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna	
9. Tölvupóstfang	Tölvupóstfang. Ef það er ekki tiltækt skal skilja þennan reit eftir auðan.	[255 alstafir]	Milliliður sem svarar beiðninni	
Endurtekinn bálkur (endurtekinn fyrir mismunandi tegundir hlutafjäreigna eða dagsetningar hlutafjäreigna)	10. Tegund hlutafjäreignar	Upplýsingar um tegund hlutafjäreignar Velja skal: O = hlutafjäreign fyrir eigin reikning, N = skráð hlutafjäreign, B = raunveruleg hlutafjäreign, U = óþekkt	[1 alstafir]	Milliliður sem svarar beiðninni
	11. Fjöldi hlutabréfa í eigu hluthafa hjá þeim millilið sem svarar beiðninni	Fjöldi hlutabréfa í eigu hluthafa sem sá milliliður sem svarar beiðninni tilkynnir um	[15 tölustafir með tugabrotsskiltákni, ef við á]	Milliliður sem svarar beiðninni
	12. Upphafsdagsetning hlutafjäreignar	Ef við á.	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD)]	Milliliður sem svarar beiðninni
	13. Nafn þriðja aðila sem hluthafinn tilnefnir	Ef við á, skal í þessum reit tilgreina þann þriðja aðila sem hefur heimild til að taka fjárfestingarákvarðanir fyrir hönd hluthafans	[Valkvæður reitur. Ef við á, snið reitanna C.2a eða C.2b hér að framan]	Milliliður sem svarar beiðninni
	14. Einkvæmt auðkenni þriðja aðila sem hluthafinn tilnefnir	Ef við á, skal í þessum reit tilgreina þann þriðja aðila sem hefur heimild til að taka fjárfestingarákvarðanir fyrir hönd hluthafans	[Valkvæðir reitir. Ef við á, einkvæmt auðkenni á sniði reitanna C.1a eða C.1b hér að framan]	Milliliður sem svarar beiðninni

(\*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/590 frá 28. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tækilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda (Stjtuð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 449).

### Tafla 3

#### Fundarboð

Í samræmi við b-lið 1. mgr. 3. gr. b og 2. mgr. 3. gr. b í tilskipun 2007/36/EB, þar sem upplýsingarnar í þessari töflu varðandi boðun hluthafafundar eru aðgengilegar hluthöfum á vefsetri útgefandans, skal þess einungis krafist að fundarboðið, sem útgefandinn útbýr og milliliðir senda, innihaldi bála A, B og C, þ.m.t. tengil á vefsetrið þar sem upplýsingarnar er að finna.

Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna
<b>A. Nánari upplýsingar um skilaboðin</b>			
1. Einkvæmt auðkenni atburðarins	Einkvæmt númer	[alstafareitur]	Útgefandi eða þriðji aðili sem hann tilnefnir
2. Tegund skilaboða	Tegund skilaboða (t.d. fundarboð, afturköllun þess eða uppfærsla á því)	[4 alstafir]	Útgefandi eða þriðji aðili sem hann tilnefnir

Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna
-------------------	--------	------	--------------------

**B. Nánari upplýsingar um úttefandann**

1. ISIN-númer	Skilgreining. Alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (ISIN-númer) fyrir hlutabréf sem er efni tilkynningarinnar Endurtekinn reitur: ef um er að ræða marga flokka skal tilgreina öll ISIN-númer	[12 alstafir]	Úttefandi
2. Nafn úttefanda		[140 alstafir]	Úttefandi

**C. Nánari upplýsingar um fundinn**

1. Dagsetning hluthafafundar		[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD)]	Úttefandi
2. Tímasetning hluthafafundar	Nánari upplýsingar um klukkan hvað hluthafafundurinn hefst, þ.m.t. viðeigandi tímabelti	[Samræmdur heimstími (UTC)]	Úttefandi
3. Tegund hluthafafundar	Nánari upplýsingar um tegund hluthafafundar sem boðað er til	[4 alstafir]	Úttefandi
4. Staðsetning hluthafafundar	Nánari upplýsingar um heimilisfang vettvangsins þar sem hluthafafundurinn verður haldinn, þ.m.t. veffang sýndarvettvangsins, ef við á. Ef um er að ræða marga vettvanga skal tilgreina staðsetningu hvers vettvangs	[255 alstafir]	Úttefandi
5. Viðmiðunardagur	Skilgreining	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD)]	Úttefandi
6. Veffang (URL)	Tengill á vefsetrið þar sem hægt er að nálgast allar upplýsingar sem veita skal hluthöfum fyrir hluthafafundinn, þ.m.t. verklag við þátttöku og atkvæðagreiðslu og nýting annarra réttinda hluthafa, s.s. hvernig koma á liðum á dagskrá.	[255 alstafir]	Úttefandi

**D. Þátttaka í hluthafafundi (endurtekinn bálkur; hann skal endurtekinn fyrir hverja þá leið aðra sem er tiltæk til þátttöku)**

1. Þátttökuleið hluthafa	Þátttökuleið, s.s.: VI = sýndarþátttaka,; PH = þátttaka í eigin persónu, PX = þátttaka fyrir milligöngu annars, EV = bréflæg atkvæðagreiðsla. Annað mögulegt fyrirkomulag ætti einnig að tilgreina með stöðluðum hætti	[2 alstafir]	Úttefandi
2. Tímamörk úttefanda vegna þátttökutilkynningar	Hvaða dag og klukkan hvað hluthafi skal hafa tilkynnt úttefanda um þátttöku sína í síðasta lagi	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD); samræmdur heimstími (UTC)]	Úttefandi
3. Tímamörk úttefanda vegna atkvæðagreiðslu	Hvaða dag og klukkan hluthafi skal senda úttefanda atkvæði sín í síðasta lagi fyrir hverja þátttökuleið, að því marki sem við á.	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD); samræmdur heimstími (UTC)]	Úttefandi

Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna
<b>E. Dagskrá – (endurtekinn bálkur; tilgreina skal nánar fyrir hvern dagskrárlíð)</b>			
1. Einkvæmt auðkenni dagskrárlíðarins	Einkvæmt númer	[4 alstafir]	Útgefandi
2. Heiti dagskrárlíðsins	Yfirskrift eða stutt samantekt eða fyrirsögn dagskrárlíðarins	[100 alstafir]	Útgefandi
3. Veffang (URL) efnisins	Ef við á. Sérstakt veffang sem vísar á efni sem varðar dagskrárlíðinn. Ef ekkert efni málinu viðvíkjandi er til staðar skal skilja þennan reit eftir auðan.	[Ef fyllt er út: 255 alstafir]	Útgefandi
4. Atkvæðagreiðsla	Ef við á. Upplýsingar um hvort dagskrárlíðurinn falli undir bindandi atkvæðagreiðslu (BV) eða leiðbeinandi atkvæðagreiðslu (AV). Ef dagskrárlíðurinn fellur ekki undir atkvæðagreiðslu skal skilja þennan reit eftir auðan.	[Ef fyllt er út: 2 alstafir]	Útgefandi
5. Aðrir valkostir við atkvæðagreiðslu	Ef við á. Nánari upplýsingar um alla valkosti við atkvæðagreiðslu vegna dagskrárlíðarins sem hluthafanum standa til boða, s.s. að greiða atkvæði með (VF), greiða atkvæði gegn (VA), hjáseta (AB), skila auðu (BL) eða annað (OT). Ef dagskrárlíðurinn fellur ekki undir atkvæðagreiðslu skal skilja þennan reit eftir auðan.	[Ef fyllt er út: 2 alstafir]	Útgefandi

**F. Nánari upplýsingar um tímamörk varðandi nýtingu á réttindum annarra hluthafa (endurtekinn bálkur; tilgreina skal nánar fyrir hver fyrirbyggjandi tímamörk)**

1. Tilgangur tímamarka	Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa sem falla undir tímamörkin (t.d. leggja fram drög að ályktunum eða setja liði á dagskrá)	[100 alstafir]	Útgefandi
2. Gildandi útgefanda tímamörk	Nánari upplýsingar í tengslum við nýtingu á réttindum hluthafa sem tilgreind eru í reitnum hér að framan.	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD); samræmdur heimstími (UTC)]	Útgefandi

Tafla 4

**Staðfesting á réttindum**

Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna
<b>A. Nánari upplýsingar um hluthafafundinn og skilaboðin</b>			
1. Einkvæmt auðkenni staðfestingarinnar	Einkvæmt númer	[12 alstafir]	Síðasti milliliður
2. Nafn útgefanda		[140 alstafir]	Útgefandi

Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna
3. Einkvæmt auðkenni atburðarins	Einkvæmt auðkenni hluthafafundarins sem útgefandinn eða þriðji aðili sem hann tilnefnir ákveður	[4 alstafir]	Útgefandi eða þriðji aðili sem hann tilnefnir
4. Tegund skilaboða	Tegund skilaboða (staðfesting á réttindum)	[4 alstafir]	Síðasti milliliður
5. ISIN-númer	Skilgreining	[12 alstafir]	Útgefandi

**B. Nánari upplýsingar um tilkallsstöðu í hlutabréfum (endurtekinn bálkur; leggja skal fram fyrir hvern verðbréfareikning hluthafans)**

1. Viðmiðunardagur	Skilgreining	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD)]	Útgefandi
2. Tilkallsstaða	Skilgreining	[24 tölustafir]	Síðasti milliliður
3. Númer verðbréfareikningsins		[20 alstafir]	Síðasti milliliður
4. Nafn reikningseiganda		[140 alstafir. Snið reitanna C.2a eða C.2b í töflu 2]	Síðasti milliliður

**C. Nánari upplýsingar um hluthafann, lögaðila eða einstakling, eftir því sem við á**

1. Nafn hluthafa	Fyrir lögaðila eða einstaklinga	[Snið reitanna C.2a eða C.2b í töflu 2]	Síðasti milliliður
2. Einkvæmt auðkenni hluthafa	Fyrir lögaðila eða einstaklinga	[Snið reitanna C.1a eða C.1b í töflu 2]	Síðasti milliliður
3. Nafn þess sem fer með umboð eða þriðja aðila sem hluthafinn tilnefnir	Ef við á	[Snið reitanna C.2a eða C.2b í töflu 2]	Síðasti milliliður
4. Einkvæmt auðkenni þess sem fer með umboð eða þriðja aðila sem hluthafinn tilnefnir	Ef við á	[Snið reitanna C.1a eða C.1b í töflu 2]	Síðasti milliliður

Tafla 5

**Þátttökutilkynning**

Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna
<b>A. Nánari upplýsingar um tilkynninguna</b>			
1. Einkvæmt auðkenni þátttökutilkynningarinnar	Einkvæmt auðkenni	[alstafareitur]	Síðasti milliliður
2. Tegund skilaboða	Nánari upplýsingar um tegund skilaboða	[4 alstafir]	Síðasti milliliður

Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna
3. Einkvæmt auðkenni atburðarins	Einkvæmt auðkenni hluthafafundarins sem útgefandinn eða þriðji aðili sem hann tilnefnir ákveður	[4 alstafir]	Útgefandi eða þriðji aðili sem hann tilnefnir
4. ISIN-númer	Skilgreining.	[12 alstafir]	Útgefandi

### B. Þátttaka sem skal tilgreina fyrir hverja þátttökuleið

1. Þátttökuleið	Nánari upplýsingar um þátttökuleið hluthafa að því marki sem við á. Ef margar leiðir eru notaðar skal tilgreina hverja leið sem samrýmist tiltækum staðgöngukostum í D-þætti í töflu 3, t.d. þátttaka í eigin persónu, fyrir milligöngu annars eða rafræn atkvæðagreiðsla		Síðasti milliliður eða hluthafi, eftir því sem við á
2. Nafn hluthafa		[Snið reitanna C.2a eða C.2b í töflu 2]	Síðasti milliliður, eða hluthafi
3a. Einkvæmt auðkenni hluthafa ef um er að ræða lögáðila	Sjá reit C.1a í töflu 2	[Snið reitsins C.1a í töflu 2]	Síðasti milliliður, eða hluthafi
3b. Einkvæmt auðkenni hluthafa ef um er að ræða einstakling	Sjá reit C.1b í töflu 2	[Snið reitsins C.1b í töflu 2]	Síðasti milliliður, eða hluthafi
4. Nafn þess sem fer með umboð eða þriðja aðila sem hluthafinn tilnefnir	Ef við á	[Valkvætt. Ef fyllt er út: snið reitanna C.2a eða C.2b í töflu 2]	Síðasti milliliður, eða hluthafi
5. Einkvæmt auðkenni þess sem fer með umboð eða þriðja aðila sem hluthafinn tilnefnir	Ef við á	[Valkvætt. Ef fyllt er út: snið reitanna C.1a eða C.1b í töflu 2]	Síðasti milliliður, eða hluthafi

### C. Atkvæðagreiðsla, ef við á (endurtekinn bálkur; tilgreina skal fyrir hvern dagskrárlið)

1. Dagskrárliður	Einkvæmt auðkenni dagskrárliðsins, tafla 3	[Snið reits E.1 í töflu 3]		
Endurtekinn bálkur sem fylla skal út fyrir hverja afstöðu í atkvæðagreiðslu	2. Afstaða í atkvæðagreiðslu	Upplýsingar um afstöðu í atkvæðagreiðslu	[Snið reits E.5 í töflu 3]	Síðasti milliliður, eða hluthafi
	3. Fjöldi hluta sem greiða atkvæði	Fjöldi hluta sem greiða atkvæði um hverja afstöðu til viðkomandi dagskrárliðar. Ef afstaðan í atkvæðagreiðslunni á við um alla hluti skal skilja þennan reit eftir auðan.	[Ef fyllt er út: 15 tölustafir með tugastafsskiltákni, ef við á]	Síðasti milliliður, eða hluthafi

Tafla 6

## Móttaka atkvæða

Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna
1. Einkvæmt auðkenni viðtökunnar	Einkvæmt númer	[12 alstafir]	Milliliður eða staðfestingaraðili
2. Tegund skilaboða	Nánari upplýsingar um tegund staðfestingar	[4 alstafir]	Milliliður
3. Einkvæmt auðkenni atburðar	Einkvæmt auðkenni hluthafafundar.	[12 alstafir]	Útgefandi/milliliður
4. ISIN-númer	Skilgreining.	[12 alstafir]	Útgefandi
5. Dagsetning hluthafafundar		[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD)]	Útgefandi
6. Nafn útgefanda		[140 alstafir]	Útgefandi
7. Nafn staðfestingaraðilans		[140 alstafir. Snið reitanna C.2a eða C.2b í töflu 2]	Aðili sem lætur staðfestinguna í té
8. Nafn þess aðila sem greiddi atkvæðið		[140 alstafir. Snið reitanna C.2a eða C.2b í töflu 2]	Staðfestingaraðili
9. Nafn hluthafa		[Valkvæður reitur. Ef við á, skal fylla út: [140 alstafir. Snið reitanna C.2a eða C.2b í töflu 2]	Milliliður eða staðfestingaraðili

Tafla 7

## Staðfesting á skráningu og talningu atkvæða

Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna
1. Einkvæmt auðkenni staðfestingarinnar	Einkvæmt númer	[12 alstafir]	Útgefandi/milliliður
2. Tegund skilaboða	Nánari upplýsingar um tegund staðfestingar	[4 alstafir]	Útgefandi/milliliður
3. Einkvæmt auðkenni atburðar	Einkvæmt auðkenni hluthafafundarins.	[12 alstafir]	Útgefandi/milliliður
4. ISIN-númer	Skilgreining.	[12 alstafir]	Útgefandi



Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna
5. Dagsetning hluthafafundar		[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD)]	Útgefandi
6. Nafn útgefanda		[140 alstafir]	Útgefandi
7. Nafn hluthafa	[Valkvæður reitur ef nafn hluthafa er tilgreint.]	[140 alstafir. Snið reitanna C.2a eða C.2b í töflu 2]	Útgefandi
8. Nafn þriðja aðila sem hluthafinn tilnefnir	[Valkvæður reitur ef nafn þriðja aðila sem hluthafinn tilnefnir er tilgreint.]	[140 alstafir. Snið reitanna C.2a eða C.2b í töflu 2]	
9. Fyrirkomulag	Nánari upplýsingar um hvernig útgefandi tók við atkvæðum sem skráð höfðu verið og talin, þ.m.t. hvort slíkt fór fram fyrir fundinn eða á fundinum.	[70 alstafir]	Útgefandi
10. Dagsetning og tímasetning viðtöku	[Valkvæður reitur, einungis ef atkvæði hafa verið greidd fyrir hluthafafundinn]. Nánari upplýsingar um dagsetningu og, ef það liggur fyrir, tímasetningu á viðtöku atkvæða sem hafa verið skráð og talin.	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD); samræmdur heimstími (UTC)]	Útgefandi
11. Einkvæmt auðkenni atkvæða	Ef unnt er, einkvæmt auðkenni boðskipta með atkvæðum sem útgefandinn skráir og telur.	[12 alstafir]	Hluthafi eða þriðji aðili sem hluthafinn tilnefnir

Tafla 8

### Tilkynning um fyrirtækjaatburði — aðra en hluthafafundi

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 3. gr. b og 2. mgr. 3. gr. b í tilskipun 2007/36/EB, þar sem útgefandinn hefur á vefsíðu sinni gert fyrir hluthafa aðgengilegar þær upplýsingar sem varða fyrirtækjaatburði, aðra en hluthafafundi, sem samanstanda af upplýsingum og gagnastökum sem er að finna í töflunni hér á eftir, að því marki sem það skiptir máli fyrir fyrirtækjaaðgerðina, skal þess einungis krafist að tilkynning um fyrirtækjaatburði innihaldi bálk A, sem og tengilinn á vefsetrið þar sem upplýsingarnar er að finna.

Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna
<b>A. Nánari upplýsingar um fyrirtækjaatburðinn</b>			
1. Einkvæmt auðkenni fyrirtækjaatburðarins	Einkvæmt númer	[12 alstafir]	Útgefandi eða þriðji aðili sem hann tilnefnir
2. Tegund fyrirtækjaatburðar	Nánari upplýsingar um tegund fyrirtækjaatburðar, t.d. útgreiðsla hagnaðar eða endurskipulagning á hlutabréfum útgefanda	[42 alstafir]	Útgefandi eða þriðji aðili sem hann tilnefnir
3. ISIN-númer	Skilgreining. ISIN-númer undirliggjandi hlutar	[12 alstafir]	Útgefandi

Tegund upplýsinga	Lýsing	Snið	Upphafsaðili gagna
4. ISIN-númer	Ef við á, ISIN-númer fyrir bráðabirgðahlut eða -verðbréf	[12 alstafir]	Útgefandi
5. Veffang	Tengill á vefsetrið þar sem allar tilskildar upplýsingar varðandi fyrirtækjaatburðinn eru aðgengilegar fyrir hluthafa	[255 alstafir]	Útgefandi

**B. Lykildagsetningar varðandi fyrirtækjaatburðinn (sem skulu aðeins koma fram eftir því sem við á vegna viðkomandi fyrirtækjaatburðar)**

1. Síðasti þátttökudagur	Skilgreining	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD)]	Fyrsti milliliður
2. Arðleysisdagur	Skilgreining	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD)]	Fyrsti milliliður
3. Viðmiðunardagur	Skilgreining	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD)]	Útgefandi
4. Upphaf ákvörðunarfrestsins	Skilgreining	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD)]	Útgefandi
5. Síðasti dagur ákvörðunarfrestsins	Skilgreining	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD)]	Útgefandi
6. Tímamörk útgefanda	Skilgreining	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD); samræmdur heimstími (UTC)]	Útgefandi
7. Greiðsludagur	Skilgreining	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD)]	Útgefandi
8. Tímamörk kaupandaverndar	Skilgreining	[Dagsetning (ÁÁÁÁMMDD)]	Milliliður

**C. Nánari upplýsingar um kosningar sem standa hluthafanum til boða (endurtekinn bálkur; leggja skal fram fyrir hvert ISIN-númer, ef við á)**

1. Aðrir valkostir fyrir hluthafann	Nánari upplýsingar um valkostina	[100 alstafir]	Útgefandi
-------------------------------------	----------------------------------	----------------	-----------